

Aldeilis stórfallegt

Musica Antiqua

Tónleikar í Langholtskirkju 14. apríl 1985

Flytjendur:

Eva Nässén, mezzo-sópran

Camilla Söderberg, blokkflauta

Helga Ingólfssdóttir, semball

Ólöf Sesselja Óskarsdóttir, viola da gamba

Snorri Örn Snorrason, lúta.

Það var mikill þokki yfir tónleikum Musica Antiqua sem fóru fram í Langholtskirkju 14. apríl s.l.. Þessi gömlu verk, leikin á þeirra tíma hljóðfæri, gefa ekki tilefni til stórra átaka í styrkleikahlutföllum, en því meira áberandi verður ef eitthvað fer úr skeiðis, vegna þess hversu tárhreinar og fingerðar allar línur verkanna eru. En slíkum mistökum var ekki fyrir að fara á þessum tónleikum. Musica Antiqua fékk núna til liðs við sig sænska söngkonu, Evu Nässén mezzosópran, sem hefir sérhæft sig í gamalli tónlist, og verður að segja það strax, að það var hrein upplifun að heyrja þessa frábæru

söngkonu syngja gömul ástar- og skemmtiljód eftir ýmsa höfunda. Fyrst voru fjögur lög með lútu-undirspili eftir Jacques Maudit (1557-1626), eitt lag, Pierre Guéron, eitt lag, og síðan tvö eftir

RÖGNVALDUR
SIGURJÓNSSON

Étienne Moulinier (um 1600-1660). Næsta verk var eftir Claudio Monteverdi (1557-1643), Et é pur dunque vero, en það er samið fyrir söng, blokkflautu, lútu og viola da gamba. Þetta var aldeilis stórfallegt stykki, sungið og spilað af fullkominni innlifun og þeim þokka sem einkenndu yfirleitt þessa tónleika. Sónata í C dúr eftir

Händel fyrir blokkflautu, sembal og viola da gamba var síðasta verkið fyrir hlé. Eftir hlé kom svo Alessandro Scarlatti, „Ardo e ver“ fyrir söng, blokkflautu, sembal og gamba. Fantasia eftir John Dowland (1562-1626) fyrir lútu, var fallega leikin af Snorra Erni Snorrasoni og sönglöggin sem fylgdu í kjölfarið eftir sama höfund voru túlkuð á óviðjafnanlegan hátt af Evu Nässén. Að endingu var aftur verk eftir Händel, „Nell dolce dell'oblio“ fyrir söng, blokkflautu, sembal og gamba. Aðdánlegur var tví-söngur blokkflautu og söngs, þar sem söngur og flauta skiptust á sömu strófum sem verkaði eins og bergmál. Hljóðfæraleikararnir eru öll vel kunn og gerðu þau hvert sínu hlutverki óaðfínnanleg skil, en þó vil ég sérstaklega taka fram blokkflautuspil Camilla Söderberg sem var aldeilis hrífandi. Ein aðfinnsla: er það mikið mál að snara skýringum Evu Nässén á tekstunum yfir á ylhýra málið? Erum við ekki á Íslandi?

Litskygggnubók um Ásgerði

Listasafn ASÍ hefur á undanföllum árum gefið út litskygggnubækur með myndlistarverkum. Fjórða bókin er nýkomin út og hefur hún að geyma myndir af verkum Ásgerðar Búadóttur veflistarkonu. Fyrri bækur eru um Gísli Jónsson, Nínu Tryggvadóttur og Íslenska vefjarlist frá 1950-1980.

Í bókinni eru 36 litskygggnur af verkum Ásgerðar og spanna þau 36 ára feril listakonunnar sem er sennilega sú fremsta hér á landi í sinni grein og hefur hlotið margar viðurkenningar, bæði hér heima og erlendis.

-ÞH

Finnsk-sænskur kvennakór

Nú um helgina kemur hingað til lands finnsk-sænskur kvennakór frá Helsinki. Kórinn, sem nefnist Lyran, verður hér í viku og heldur þrenna tónleika, þá fyrstu á mánuðagskvöldið kl. 20.30 í Félagsstofnun stúdenta við Hringbraut.

Lyran heldur upp á fertugs-afmæli sitt á næsta ári en í honum eru einkum háskólaþakur. Kórinn hefur fengið margvíslega viðurkenningu fyrir söng sinn og verið sámdur nafnbótinni besti kvennakór Finnlands. Með í förinni er píanóleikarinn Gustav

Djupsjöbacka sem talinn er einn fremsti undirleikari finna en leikur þessutan með útvarps-hljómsveitinni í Helsinki.

Á efnisskrá kórsins eru gömul og ný finnsk sönglög, þám. tvö ný stærri verk eftir Herman Rechberger og Mikko Heiniö. Einnig íslensk þjóðlög í útsetningu Jóns Ásgeirssonar og verk eftir Schubert, Brahms, Holst og Nystedt.

Auk tónleikanna í Félagsstofnun stúdenta syngur Lyran í Lyngbrekku í Borgarfirði á þriðjudaginn kl. 21 á Borgfirðingavöku og á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói næstkomandi laugardag.

-ÞH



Þjónustuíbúðir aldraðra

Dalbraut 27, Reykjavík.

óskar eftir að ráða starfsfólk til eftirtalinna starfa. Starfskjör samkvæmt kjarasamningum.

- **Fulltrúi.** Starfið er m.a. fólgið í almennum skrifstofustörfum, launaútreikningum, bókhaldi og afleysingum fyrir forstöðumann. 50% staða.
- **Vaktstjóri** við íbúðir – dagvinna. Staðan er m.a. fólgin í daglegri stjórnun vakta og skipulagi á vinnu starfsmanna.

Upplýsingar veitir forstöðumaður í síma 685377, milli kl. 13 og 15 daglega. Umsóknnum ber að skila til Starfsmannahalds Reykjavíkurborgar, Pósthússtræti 9, 6. hæð, á sérstökum umsóknareyðublöðum sem þar fást, fyrir kl. 16 fimmtudag 2. maí 1985.

Útboð

Vegagerð ríkisins óskar eftir tilboðum í **akstur á styrkingar- og malarslittlagi í Krýsuvíkurveg.** (Magn 28 - 32 þús. rúmmetrar). Verki skal lokið 7. júní 1985.

Útboðsgögn verða afhent hjá Vegagerð ríkisins í Reykjavík og á Selfossi frá og með 22. apríl nk. Skila skal tilboðum fyrir kl. 14.00 þann 29. apríl 1985.

Vegamálastjóri.

Valborgarmessa

Íslensk-sænska félagið fagnar vori 30. apríl í Skíðaskálanum í Hveradölum. Matur, söngur, dans, varðeldur. Skemmtunin hefst kl. 20. Rútuferð frá Hlemmi kl. 19. Miðaverð er 650 kr. Þátttaka tilkynnist fyrir 23. apríl í síma 99-4414.

Morgunstund

gefur
gull
í mund

50% afsláttur
af öllu
smábrauði
fyrir kl. 10.00.

Vínarbrauð

beint úr
ofninum
kl. 2.30
20% afsláttur
milli
kl. 2.30
og
4.00.

Bakaríið
KRINGLAN
Starmýri 2



Hemlaðu maður!
Hemlaðu!

Það er ekkert gamanmál ef hemlabúnaður bílsins svíkur þegar á reynir. Gegn slíkri skelfingu, er aðeins ein vörn:

Láta yfirfara hemlakerfi bílsins reglulega, svo það sé ávallt í fullkomnu lagi.

Hjá okkur fást original hemlahlutir í allar tegundir bifreiða á ótrúlega lágu verði.

Sérverslun með hemlahluti

Stilling
Skeifunni 11 Símar 31340 og 82740